Nr. 643 21. júní 2013

# REGLUGERÐ

## um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnsdælna.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir lið 26g í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2013, frá 3. maí 2013, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka og IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547 frá 25. júní 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun vatnsdælna.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28/2013, 16. maí 2013, bls. 462.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 13. gr. laga nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem notar orku, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. júní 2013.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Ólafur Egill Jónsson.*

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2013